



Ráðhús Hafnarfjarðar
B.t. meirihluta bæjarstjórnar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 5. október 2018

Tilv.: VEL18090100/01.22.03

Efni: Tvær kærur vegna ákvarðana Hafnarfjarðarkaupstaðar, bæjarráðs og bæjarstjórnar um framkvæmdir og kaup á mannvirkjum í Kaplakrika

Heilbrigðisráðherra hefur verið sett til að fara með meðfylgjandi tvö kærumál, dags. 21. ágúst 2018, á ábyrgðarsviði ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála er lúta að ákvörðunum meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um framkvæmdir og kaup á mannvirkjum í Kaplakrika samkvæmt samkomulagi við Fimleikafélag Hafnarfjarðar þar um.

Velferðarráðuneytið fer hér með fram á umsögn meirihluta Hafnarfjarðarkaupstaðar um meðfylgjandi kærur. Óskað er eftir að umsögnin berist ráðuneytinu eigi síðar en 29. október 2018.

Í annarri kærinni er þess krafist að ráðuneytið taki ákvörðun um frestun réttaráhrifa á meðan málið er til meðferðar hjá ráðuneytinu með vísan til 2. mgr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Ráðuneytið ráðgerir að afgreiða þann hluta kærunnar svo fljótt sem verða má og er því meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hér með veittur frestur til 15. október næstkomandi til að koma að athugasemdum varðandi þá kröfu.

Tekið skal fram að heimilt er að senda umsagnir og athugasemdir í tölvupósti á netfang ráðuneytisins sem er postur@vel.is.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Vilborg Hauksdóttir
skrifstofustjóri


María Sæmundsdóttir
lögfræðingur

Fylgiskj.: Tvær kærur, dags. 21. ágúst 2018, ásamt fylgiskjöllum
Ljósrit af bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 10. september 2018.